

TILSKIPUN RÁÐSINS 98/45/EB

frá 24. júní 1998

um breytingu á tilskipun 91/67/EBE um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á markaðssetningu fiskeldistegunda og -afurða

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 43. gr.

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽²⁾,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í tilskipun 91/67/EBE ⁽⁴⁾ er mælt fyrir um reglur bandalagsins um markaðssetningu fiskeldisdýra einkum til að koma í veg fyrir útbreiðslu tiltekinna hættulegra sjúkdóma.

Sjúkdómar þeir sem taldir eru upp í skrá III í viðauka A við framangreinda tilskipun, þar með talin roðflyðruveiki (gyrodactylosis), geta haft alvarlegar efnahagslegar afleiðingar ef þeir koma upp á svæði sem áður var ósýkt.

Af þessum sökum er nauðsynlegt að koma í veg fyrir útbreiðslu þessara sjúkdóma með því að efla þau ákvæði sem þegar eru í gildi.

Nauðsynlegt er að tryggja að markaðssetningu fiskis frá svæði sem ekki er viðurkennt hafi ekki skaðleg áhrif á heilbrigðisástand á ósýktum eldisstöðvum á slíku svæði. Þessu markmiði má ná með því að gefa út vottorð um sendingar til að nota í viðskiptum innan bandalagsins.

Nauðsynlegt er að laga tiltekin ákvæði er varða tíðni eftirlits, sýnatöku og prófanir vegna fiskisjúkdóma að alþjóðlegum viðmiðunum.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Tilskipun 91/67/EBE er breytt sem hér segir:

1. Í stað 1. og 2. mgr. 13. gr. komi eftirfarandi:

⁽¹⁾ Stjtuð. EB C 242, 21. 8. 1996, bls. 9.⁽²⁾ Stjtuð. EB C 362, 2. 12. 1996, bls. 314.⁽³⁾ Stjtuð. EB C 56, 24. 2. 1997, bls. 28.⁽⁴⁾ Stjtuð. EB L 46, 19. 2. 1991, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 97/79/EB (Stjtuð. EB 24, 30. 1. 1998, bls. 31).

„1. Aðildarríki sem telur að yfirráðasvæði sitt eða hluti þess sé ósýkt af einhverjum þeirra sjúkdóma sem eru tilgreindir í 1. dálki skrár III í viðauka A skal leggja fyrir framkvæmdastjórnina viðeigandi sönnunargögn, þar sem einkum komi fram:

— heiti sjúkdómsins og fyrri tilvik í því aðildarríki,

— niðurstöður eftirlitsprófa sem eru byggð á sermi-fræðilegum, veirufræðilegum, örverufræðilegum eða meinafræðilegum niðurstöðum eða greiningu snikjudýrs, eftir því sem við á, og þeirri staðreynd að skylt er tilkynna sjúkdóminn til lögbærra yfirvalda,

— lengd eftirlitstímabils,

— eftirlitsráðstafanir til að ganga úr skugga um að viðkomandi svæði sé áfram ósýkt af sjúkdóminum.

Framkvæmdastjórnin skal, í samræmi við málsmeðferðina í 26. gr., skilgreina almennar viðmiðanir til þess að tryggja að ákvæðum þessarar málsgreinar sé beitt alls staðar á sama hátt.

2. Framkvæmdastjórnin skal kanna sönnunargögnin sem aðildarríkið sendir henni og, í samræmi við málsmeðferðina í 26. gr., tilgreina þau svæði sem teljast skulu ósýkt og þær tegundir sem smitnæmar eru gagnvart viðkomandi sjúkdómi auk viðbótarábyrgða, almennra eða sértækra, sem nauðsynlegar kunna að vera til að unnt sé að flytja fiskeldisdýr og -afurðir til þessara svæða. Lifandi fiski, skelfiski eða krabbadýrum og, ef við á, hrognum þeirra og sviljum sem flutt eru á slík svæði skal fylgja flutningsskýrsla, sem sniðin er að fyrirmynd sem er ákveðin í samræmi við málsmeðferðina í 26. gr. og staðfestir að þau uppfylla kröfur slíkra viðbótarábyrgða.“

2. Eftirfarandi setning bætist í 1. mgr. 16. gr.:

„Auk þess skal framkvæmdastjórnin í samræmi við málsmeðferðina í 26. gr. taka saman sýnishorn þeirra vottorða sem fylgja skulu fiskeldisdýrum, hrognum þeirra og sviljum í viðskiptum milli svæða innan bandalagsins sem ekki eru viðurkennd með tilliti til þeirra sjúkdóma sem um getur í skrá II í viðauka A og skal hún enn fremur ákveða tilhögun útvíkkunar á Animo-tölvukerfinu, sem er samskiptanet lögbærra yfirvalda, þannig að það nái yfir viðskipti með framangreind dýr og afurðir.“

3. Í viðauka B:

- a) komi eftirfarandi í stað fyrsta málslíðar 2. liðar í B-hluta I. liðar:

„2. allar eldisstöðvar á meginlandssvæðinu verða að vera undir eftirliti opinberu þjónustustofnananna. Heilbrigðisskoðun tvisvar á ári verður að hafa farið fram í tvö ár.“;

- b) komi eftirfarandi í stað 2. liðar í C-hluta I. liðar:

„2. heilbrigðisskoðun verður að fara fram tvisvar á ári á hverri eldisstöð í samræmi við 2. lið í B-hluta nema á eldisstöðvum án seiðastofns, þar verður heilbrigðisskoðun að fara fram einu sinni á ári. Þó verða sýni tekin á vixl í 50% af fiskeldisstöðvunum á meginlandssvæðinu á hverju ári.“

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari fyrir 1. júlí 1999. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin setja reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem samþykkt verða um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 24. júní 1998.

Fyrir hönd ráðsins,

J. CUNNINGHAM

forseti.